

S A M Þ Y K K T

um hundahald í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Hundahald er bannað í Vestmannaeyjum.

2. gr.

- a) Sækja skal skriflega um undanþágu til hundahalds til bæjarskrifstofunnar. Sé undanþága veitt, skal eigandi hundsins fá afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í kaupstaðnum og skal upphæðin við það miðuð.
- c) Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi. Lágmarks váttryggingarfjárhæð skal vera samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Sé hundurinn bundinn á einkalóð skal taumurinn ekki vera lengri en svo að hundurinn komist hvergi út af lóðinni. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús, fiskvinnslustöðvar, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa kaupstaðarins, og séu hvorki þeim né öðrum, sem um kaupstaðinn fara, til óþæginda.
- f) Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds. Yfirvöld skulu þó ávallt gefa leyfishafa kost á því, að koma hundinum á brott úr kaupstaðnum.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að fela Hundavinafélagi Vestmannaeyja að framkvæma í sínu umboði þau störf, sem bæjarstjórn er falið að annast samkvæmt samþykkt þessari, enda sé fyrirgreiðsla við hundaeigendur óháð aðild að hundavinafélaginu.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. maí 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Þórunn Klemenzdóttir.